

Fundargerð aðalfundar 2019


Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2019 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 29. maí 2019 kl. 14:05. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga 78,63% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað og fundurinn sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Margrét Sigurgeirsdóttir, ritara.


Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.
Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Ekki lá fyrir tillaga að breytingum á samþykktum.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og voru þeir sjálfkjörmir. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
 - Viktor Jens Vigfússon (kt. 2007674039), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
 - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
 - Guðrún Birna Finnsdóttir (kt. 2702703609), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Hagnaður af rekstri ársins 2018 gengur til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2019 til aðalfundar 2020 haldist óbreytt þ.e. sé kr. 31.500 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt einróma.
7. Önnur mál.
Sveinbjörg Sveinsdóttir tekur til máls og þakkar Árna Sigurjónssyni, sem er búinn að vera í stjórn síðan 2010 og gengur nú úr stjórn, fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.
Sveinbjörg sýnir uppbyggingu Sierra sem er nýtt bókasafnskerfi sem tekur við af Gegni í náinni framtíð og segir frá innihalds samnings við söluaðila (Innovative).

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15:01.


Erla S. Árnadóttir


Margrét Sigurgeirsdóttir